



Borgarráð

***Efstaleiti 1 - RÚV reitur - sala á byggingarrétti***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja xxxxx byggingarétt á RÚV reit. Um er að ræða 2.453 fermetra á lóð B2 skv. skipulagi og er umsamið verð 65.000 krónur á hvern fermetra. Samtals 159.445.000 krónur. Jafnframt er tryggður kaupréttur á föstu verði til handa Reykjavíkurborg á 15 íbúðum á reitnum.

*Greinargerð:* Þessi byggingarréttarsala er hluti af samningi Reykjavíkurborgar við RUV um endurskipulagningu reitsins. Í þeim samningi var gengið frá því að Reykjavíkurborg fengi í sinn hlut allt að 40 íbúðum. Að lokinni deiliskipulagsvinnu liggur fyrir fjöldi fermetra sem um er að ræða. Verðið sem byggingarrétturinn er seldur á er meðaltals fermetraverð sem fyrirtækið samdi um við RUV á sínum tíma. Það er talið hagkvæmt að ganga til þessara samninga í ljósi þess að sameiginlegur bílakjallari er fyrir húsin og því einfaldara að framkvæmdin sé á einni hendi.

Hrólfur Jónsson